



# ***SJÚKRAFLUTNINGASKÓLINN***



## **KENNSLUSKRÁ**

### **Skólaárið 2024-2025**

## EFNISYFIRLIT

Almennar upplýsingar .....	4
Grunnnám í sjúkraflutningum, grunnnámskeið (EMT) .....	5
Framhaldsnám sjúkraflutningamanna (EMT-Advanced).....	6
Vettvangshjálpi, First Responder (42 klukkustundir) .....	10
Endurmenntunarnámskeið.....	11
1.    Fyrir sjúkra- og neyðarflutningamenn (EMT- og EMT-A (EMT-B og EMT-I))	11
2.    Fyrir Vettvangsliða, First Responder (EMR) .....	11
Bráðameðferð og sérhæfð endurlífgun barna I (EPILS) .....	11
Sérhæfð endurlífgun I (ILS - Immediate life support) .....	12
Sérhæfð endurlífgun II og Sérhæfð endurlífgun barna (ALS og EPALS Advanced life support og Pediatric Advanced life support).....	13
Upprifjunarnámskeið í sérhæfðri endurlífgun I og II.....	14
Búnaðarnámskeið. (Þetta námskeið er einnig í boði sérsníðið fyrir Vettvangsliða)	15
Bráðasjúkdómar fullorðinna (Þetta námskeið eru einnig í boði sérsníðið fyrir Vettvangsliða)	16
Vettvangsmeðferð og flutningur slasaðra. (Þetta námskeið eru einnig í boði sérsníðið fyrir Vettvangsliða) .....	17
<b>Greiningarsveitarnámskeið</b> .....	17



*Hluti útskriftarnema á útskrift skólans 31. maí 2024.*

### Hlutverk

Hlutverk Sjúkraflutningaskólans samkvæmt samningi milli Heilbrigðisráðuneytis og Sjúkrahúsins á Akureyri er að skipuleggja, stjórna og sjá um menntun sjúkraflutningamanna á Íslandi. Skólinn starfar samkvæmt [námskrá Landlæknis um menntun sjúkraflutningamanna á Íslandi](#) en tekur einnig mið að [námskrá sjúkraflutningamanna í USA](#).

### Skólastjóri Sjúkraflutningaskólans

Ingimar Eydal

- Sími: **463 0853 / 860 0549**
- Netfang: [ie1214@sak.is](mailto:ie1214@sak.is)
- Vefsíða: [www.ems.is](http://www.ems.is)

### Verkefnisstjóri

Sigurjón Valmundsson

- Sími: **463 0100/ 864 5681**
- Netfang: [sva0723@sak.is](mailto:sva0723@sak.is)

### Umsjónarmaður búnaðar

Jón G. Knutsen

Sími: 852 5603

Netfang: [jgk0813@sak.is](mailto:jgk0813@sak.is)

## Almennar upplýsingar

### Fyrirkomulag skólstarfs

Skólstarf skólaárið 2024-2025 verður svipuðu sniði og síðasta skólaár. Grunn nám (EMT) verður bæði í boði á haustönn 2024 og á vorönn 2025 sem streymisnám með verklegum lotum á fjórum stöðum á landinu ef næg þátttaka fæst. Framhaldsnám sjúkraflutninga verður í boði bæði á haust- og vorönn.

Hefðbundin endurmenntun, Vettvangshjálparnámskeið (First Responder) og önnur sérnámskeið verða í boði skv. beiðnum rekstraraðila sjúkraflutninga og annara aðila.

Skólastjóri og/eða verkefnisstjóri veita allar frekari upplýsingar um námskeið.

Formleg skólaslit og útskrift eru áætluð **föstudaginn 30. maí 2025**.

### Framboð á námskeiðum

Dagsetningar námskeiða eru birtar með fyrirvara um breytingar og verða allar upplýsingar um námskeið settar inn á vef skólans [www.ems.is](http://www.ems.is). Lágmarksfjöldi á námskeið er yfirleitt 10 nemendur.

Umsjónarkennarar eru á öllum námskeiðum til að tryggja samræmi á kennslu og þjálfun nemenda. Leiðbeinendur á námskeiðum eru m.a. sjúkraflutningamenn, bráðatæknar hjúkrunarfræðingar, ljósmæður og læknar sem hafa reynslu og þekkingu á sviði bráðameðferðar og kennslu.

### Kostnaður námskeiða

Verð námskeiða sem gefin eru upp í kennsluskránni miðast við lágmarksfjölda þátttakenda og er áskilinn réttur til hækkunar námskeiðsgjalda ef farið er fram á að námskeiðið verði haldið þrátt fyrir að lágmarksfjöldi sé ekki náð. Kennslugögn, önnur en kennslubók, eru innifalin í verði. Að öðru leyti verða kennslugögnin aðgengileg fyrir þátttakendur námskeiða á kennsluvef skólans. Ef námskeið eru haldin að beiðni rekstraraðila bætist ferðakostnaður og uppihald leiðbeinenda við kostnað, auk þess sem beiðandi leggur til húsnæði undir námskeiðið.

### Skráning á námskeið

Almennt þarf skráningu og greiðslu staðfestingargjalds námskeiðs að vera lokið fyrir auglýstan lokafrest en þó aldrei síðar en fimm vikum fyrir auglýstan námskeiðstíma, nema annað sé tekið fram. Skráning á námskeið fer fram á vef skólans. Ef lágmarksfjöldi næst ekki er áskilinn réttur til að fella niður námskeið.

### Kennslubækur

Kennslubækur eru almennt ekki innifaldar í verði námskeiðanna nema annað sé tekið fram. Kennslugögn á ERC námskeiðum: ALS, ILS, og EPILS og EPALS námskeiðum eru þó innifaldar í námskeiðsgjaldi á rafrænu formi (sjá frekari upplýsingar um námskeið). Kennslubækur í öðrum námskeiðum sem ekki eru innifaldar í námskeiðskostnaði er að öllu jöfnu hægt að kaupa hjá Bóksölu stúdenta (sími 570 0777) eða panta þær á vef bóksölnnar [www.boksala.is](http://www.boksala.is)



## Grunnnám í sjúkraflutningum, grunnnámskeið (EMT)

### Inntökuskilyrði

Umsækjandi skal hafa lokið að lágmarki tveggja ára námi í framhaldsskóla (100 F-ein) og hafa gilt skírteini í skyndihjálp, að lágmarki 12 kennslustundir eða sambærilegt. Umsækjendum gefst kostur á að taka skyndihjálparnámskeið fyrir upphaf námskeiða geti þeir ekki uppfyllt þetta skilyrði við skráningu. Kostnaður við það er ekki innifalinn í námskeiðsgjaldi. Séu umsóknir fleiri en sæti á námskeiðum raðast nemendur inn [skv. inntökureglum](#) þar sem m.a. er tekið tillit til menntunar og reynslu. Nemendur sem sendir eru á vegum rekstraraðila ganga fyrir með nám að grunnskilyrðum uppfylltum.

### Markmið

Að nemendur verði færir um að tryggja öryggi á vettvangi og meta ástand sjúklings. Þeir þurfa einnig að geta meðhöndlað og flutt sjúkling(a) á viðeigandi hátt.

### Innihald

Námskeiðið er byggt á [viðurkenndum bandarískum EMT](#) staðli (Emergency Medical Technician) og inniheldur bæði bóklega og verklega kennslu. Í fyrirlestrunum er m.a. fjallað um starf sjúkraflutningamanna, öryggi, sóttvarnir og heilsuvernd. Líffæra- og lífeðlisfræði, lífsmörk, öndunarhjálp, endurlífgun, skoðun og mat, almenna flutningstækni, skráningu og skýrslugerð, fæðingarhjálp, meðhöndlun bráðveikra, meðhöndlun sára og áverka svo eitthvað sé nefnt. Nemendur fá einnig viðeigandi verklega þjálfun í ofangreindum kennsluþáttum. Nemendur þurfa að ljúka að lágmarki 56 klukkustunda starfsþjálfun sem skiptist þannig að 48 tímar skulu vera hjá viðurkenndum rekstraraðila í sjúkraflutningum sem uppfylla kröfur skólans um starfsþjálfun, þar af 24 tímar á forgangsbíl og 8 tímar á bráðamóttöku. Starfsþjálfun skal ljúka innan þess tímaramma sem skólinn setur. Nemendur fylla út starfsþjálfunarskrár þar sem gerð er krafa um ákveðin lágmarksfjölda tilfella.



### Námsmat

Grunnnámskeiðinu lýkur með prófi, bæði bóklegu og verklegu. Krafist er 75% heildarárangurs í skriflegu prófi, en námsmati í bóklegum hluta er skipt upp í nokkur minni próf auk lokaprófs. Nemendur skulu standast verkleg próf. Einnig fer fram símat á virkni og færni þátttakenda. Farið er fram á **skylduáhorf** á fyrirlestra og skyldumæting í allar verklegar lotur. Eftir útskrift úr náminu geta þátttakendur sótt um löggildingu sem sjúkraflutningamenn.

*Athugið að til þess að starfa sem sjúkraflutningamaður þar viðkomandi að hafa fengið löggildingu sem sjúkraflutningamaður [skv.reglugerð](#).*

### Tímalengd

Námskeiðið er samtals 260 klukkustund (bókleg, verkleg kennsla og starfsþjálfun).

### Haustönn

Boðið verður upp á streymisnám ef nægþáttaka fæst. (bóklegt á netinu með verklegum lotum) á Akureyri, Fáskrúðsfirði, Sandgerði og Selfossi frá sept-des 2024, teknir inn 12-15 nemendur á hvert námskeið.

**Vorönn:**

Boðið verður upp á streymisnám með verklegum lotum ef næg þátttaka fæst, á Akureyri, Selfossi og í Sandgerði. Námskeiðin standa frá byrjun febrúar fram í byrjun apríl 2025. Bóklegt efni á netinu en nemendur þurfa að mæta í fimm verklegar lotur (skyldumæting).

**Þátttakendafjöldi**

Lágmarksfjöldi miðast við 10-15 nemendur á öllum grunnnámskeiðum.

**Kennsluefni:**

**Emergency Care, 14/E**

Limmer, O'Keefe, Grant, Murray, Bergeron & Dickinson

ISBN-13: 9780136873242 © 2021

**Skráningafrestur**

**Fyrir nám á haustönn 2024 er opnað fyrir skráningu 1. júlí og opið til 15. ágúst 2024. Fyrir nám á vorönn 2025 verður opnað fyrir skráningu 1. október 2024 og er opið til og með 15. nóvember.**

Umsækjendur verða að skrá sig á vef skólans [www.ems.is](http://www.ems.is) og senda gögn til staðfestingar inntökuskilyrðunum. Gögn skal senda á PDF formi á netfangið [ems@ems.is](mailto:ems@ems.is) og skal innihalda **afrít af einingafjölda**, stimplað og undirritað af viðkomandi skóla, og hæsta próf úr framhaldsskóla/háskóla ásamt afrít af gildu skyndihjálpskírteini. áður en frestur til skráningu lýkur. Nemendur sem sendir eru á námskeið frá rekstraraðilum sjúkraflutninga sitja að öllu jöfnu fyrir á námskeið.

**Farið verður yfir allar umsóknir um leið og skráningu lýkur. Þeir sem komast að fá senda rúkkun fyrir staðfestingagjaldi kr. 70 þúsund með greiðslufresti 15 sept fyrir nám á haustönn 2024 og 10. janúar 2025 fyrir nám á vorönn 2025 til að staðfesta setu sína á námskeiðinu með greiðslu skráningargjalds.**

▪ **Námskeiðskostnaður**

**Verð - Kr. 445.000 pr. þátttakanda. Innifalið öll kennsla, kennslugögn (að undanskilinni kennslubók) og viðurkenningarskjal.**

**Skráningargjald kr. 70.000 þarf að vera greitt fyrir 15. sept 2024 (haustönn 2024) og 10. jan 2025 (vorönn 2025). Skráningargjald dregst af heildarverði.**

- *Athugið að ekki er hægt að fella niður greiðsluseðil eftir að nám er hafið. Ef tilkynnt er um forföll innan þriggja vikna áður en að námið hefst fæst skráningargjald ekki endurgreitt.*

**Framhaldsnám sjúkraflutningamanna (EMT-Advanced)**

Framhaldsnámi sjúkraflutningamanna er skipt í 4 lotur sem byggja hver á annarri og lýkur hverjum hluta með bóklegr og verklegu prófi auk lokafærnimats úr öllu náminu í lok náms. Miðað er við að þeim sé lokið innan 3 ára frá því að nám hefst. Nemendur þurfa að taka bóklegt og verklegt inntökupróf til að geta hafið framhaldsnámið. Til að ljúka framhaldsnámi verða nemendur jafnframt að ljúka ILS og EPILS (sérhæfð endurlifgun fullorðinna og barna 1) námskeiðum frá

**Evrópska Endurlífgunarráðinu. Enn fremur er starfsþjálfun tengd hverri lotu og þarf að skila fullnægjandi starfsþjálfunarskrá fyrir lotur og námskeiðið í heild. Starfsþjálfun fer fram á sjúkrahúsum með bráðatæknum, auk deilda LSH-SAK og víðar og þarf að ljúka starfsþjálfun tengd viðkomandi lotu innan tilskilins tíma og ávallt áður en nám er hafið í næstu lotu.**

**Verkefnistjóri framhaldsnámsins:** Sigurjón Valmundsson

**Netfang:** [sva0723@sak.is](mailto:sva0723@sak.is)

### Inntökuskilyrði

Að umsækjandi hafi lokið grunn- eða kjarnanámskeiði í sjúkraflutningum með fullnægjandi hætti og staðist bóklegt og verklegt inntökupróf. Krafist er amk. 1 árs starfsreynslu í sjúkraflutningum eða sambærilegt. Ætlast er til að nemendur ljúki náminu á þremur árum eftir að grunnnámi lýkur.

### Markmið

Námskeiðið byggir á grunnnámi sjúkraflutningamanna en bætir við þekkingu, leikni og færni sem eflir sjálfstæði nemenda og gerir þá hæfari til að beita þeim inngripum sem ætlast er til að námi loknu. Að gera nemendur færa um að meta ástand veikra og slasaðra sjúklinga, og taka ákvarðanir um og beita nauðsynlegri og viðeigandi bráðameðferð og séu hæfir til að leiða teymi sjúkraflutningamanna í bráðatilfellum.

### Innihald

Námskeiðið byggir á [bandarískum staðli \(AEMT\)](#) og inniheldur bæði bóklega og verklega kennslu. Námskeiðið inniheldur m.a. kynningu á starfi neyðarflutningamanna, líffæra-, lífeðlis- og lyfjafræði. Öndunaraðstoð, lyflæknisfræði s.s. bráða öndunar- og hjartasjúkdóma, sykursýki, ofnæmi, heila- og taugavandamál og kvensjúkdóma. Ennfremur er farið í mismunandi áverka, áverkaferli, blæðingar, lost og bruna. Farið er yfir sérstakar aðstæður s.s. bráðatilfelli tengd meðgöngu og fæðingu, ungbörn, börn og aldraða. Nemendur vinna með þjálfunarskrá undir eftirliti leiðbeinenda í starfsþjálfuninni og skila henni í lok starfsþjálfunar.

### Námsmat

Hverri lotu lýkur með prófi, skriflegu og verklegu ásamt mati á vinnubók og þjálfunarskrá nemanda. Krafist er 75% heildarárangurs í skriflegu prófi, en námsmati í bóklegum hluta er skipt upp í nokkur minni próf auk lokaprófs. Mikilvægt er að nemandinn leitist við að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í þjálfunarskránni. Farið er fram á **skyldumætingu** í fyrirlestra (netáhorf) og verklegar lotur.

### Tímalengd

Samtals 413 tímar í heildina (bóklegt, verklegt, ILS, EPILS, starfsþjálfun og lokafærnimat)

### Tímar- og staðsetning

Birt með fyrirvara um þátttöku.

### **Haustönn 2024:**

Lota 1. LOL, öndun og lyfjafræði.

Námskeið Sandgerði, bóklegt á netinu, verkleg lota 20.-23. september 2024

Námskeið Akureyri bóklegt á netinu, verkleg lota 22.-25. október 2024

**Umsóknarfrestur til og með 15. ágúst**

Umsjón: Jónas Godsk Rögnvaldsson/Kristján Karlsson/Ingvi Hákonarson

### Lota 2 Áverkar

Námskeið Sandgerði, bóklegt á netinu, verkleg lota 3.-6. október 2024.

Umsjónarmaður: Umsjón: Guðjón Petersen  
**Umsóknarfrestur til og með 15. ágúst.**

Lota 3. Hjarta, Medical og börn.

Námskeið Reykjavík (sérnámskeið SHS), bóklegt á netinu. Einnig ILS og EPILS námskeið. Verklek lota 6 - 12. Nóvember 2024. ERC námskeiðin ILS 4 nóv. og EPILS 5 nóvember 2024.

Staðsetning: Reykjavík

Umsjónarmaður: Kristján Sigfússon

**Umsóknarfrestur til og með 15. ágúst 2023**

Lota 3. Hjarta, Medical og börn.

Námskeið Ísafjörður (sérnámskeið SÍ), bóklegt á netinu. Einnig ILS og EPILS námskeið. Verklek lota..... ERC námskeiðin ILS og EPILS xxxxxxxx.

Staðsetning: Ísafjörður

Umsjónarmaður: Kristján Sigfússon

Umsjónarmaður: Kristján Sigfússon

**Umsóknarfrestur til og með 15. ágúst 2024.**

Lota 4. Vettvangur og sérstök vandamál.

Námskeið Sandgerði. Opnað fyrir bóklegt 1. september, verklek lota ekki ákveðin ennþá.

Umsjónarmenn: Anton Berg Carrasco-Hermann Marinó Maggýjarson

**Umsóknarfrestur til og með 15. ágúst 2024.**

## Vorönn 2025

Lota 1. LOL, öndun og lyfjafræði.

Námskeið Sandgerði, bóklegt á netinu, verklek lota ekki ákveðin.

Umsjón: Jónas Godsk Rögnvaldsson/Kristján Karlsson/Ingvi Hákonarson

**Opnað fyrir umsóknir 1. október, umsóknarfrestur til og með 15. nóvember 2024**

Lota 1. LOL, öndun og lyfjafræði.

Námskeið Akureyri, bóklegt á netinu, verklek lota ekki ákveðin.

Umsjón: Jónas Godsk Rögnvaldsson/Kristján Karlsson/Ingvi Hákonarson

**Opnað fyrir umsóknir 1. október, umsóknarfrestur til og með 15. nóvember 2024**

Lota 2. Áverkar.

Námskeið Sandgerði, bóklegt á netinu, verklek lota ekki ákveðin.

Umsjónarmaður: Guðjón Petersen

**Opnað fyrir umsóknir 1. október, umsóknarfrestur til og með 15. nóvember 2024**

Lota 2. Áverkar.

Námskeið Akureyri, bóklegt á netinu, verklek lota ekki ákveðin.

Umsjónarmaður: Guðjón Petersen

**Opnað fyrir umsóknir 1. október, umsóknarfrestur til og með 15. nóvember 2024**

Lota 3. Hjarta, Medical og börn.

Námskeið Sandgerði, bóklegt á Moodle. Einnig ILS og EPILS námskeið.

(dagssetning verklek lota liggur ekki fyrir)

Staðsetning:, Akureyri.



Umsjónarmaður: Kristján Sigfússon

**Opnað fyrir umsóknir 1. október 2024. Umsóknarfrestur til og með 15. nóvember.**

Lota 4. Vettvangur og sérstök vandamál.

Námskeið Reykjavík (SHS) Opnað fyrir bóklegt 1. janúar, **verklegr lota ekki ákveðin ennþá.**

Umsjónarmenn: Anton Berg Carrasco-Hermann Marinó Maggýjarson

**Opnað fyrir umsóknir 1. október 2024. Umsóknarfrestur til og með 15. Nóvember.**

Lota 4. Vettvangur og sérstök vandamál.

Námskeið Ísafjörður (SÍ) Opnað fyrir bóklegt 1. janúar, **verklegr lota ekki ákveðin ennþá.**

Umsjónarmenn: Anton Berg Carrasco-Hermann Marinó Maggýjarson

**Opnað fyrir umsóknir 1. október 2024. Umsóknarfrestur til og með 15. nóvember.**

Önnur námskeið að beiðni rekstraraðila.

#### **Námsefni:**

**Advanced EMT: A Clinical Reasoning Approach, 2nd Edition**

**Melissa Alexander, Lake Superior State University, School of Criminal Justice, Fire Science, and EMS**

**Richard Belle, Acadian Ambulance/National EMS Academy Lafayette, Louisiana**

**©2017 | Pearson**

#### Skráningarfrestur

**Opnað verður fyrir skráningu 1. júlí fyrir nám á haustönn og 1. október 2024 fyrir nám á vorönn.**

**Umsóknarfrestur er til 15. ágúst vegna náms á haustönn og til og með 15. nóvember vegna náms á vorönn.**

Umsækjendur verða að skrá sig á vef skólans [www.ems.is](http://www.ems.is) Nemendur sem sendir eru á námskeið frá rekstraraðilum sjúkraflutninga sitja að öllu jöfnu fyrir á námskeið.

**Farið verður yfir allar umsóknir um leið og skráningu lýkur og verður þá umsækjendum send rukkun um staðfestingargjald til að staðfesta setu sína á námskeiðinu með greiðslu skráningargjalds, auk upplýsinga um inntökupróf í námið.**

- Námskeiðskostnaður

**Hver lota kostar Kr. 160.000** pr. þátttakanda. Innifalið öll kennsla og kennslugögn (að undanskilinni kennslubók). Athugið að kostnaður vegna ILS og EPILS námskeiða er ekki innifalinn í þessu verði og er rúkaður sérstaklega.

**Skráningargjald kr. 45.000** þarf að greiða til að staðfesta þátttöku á hverri lotu.

**Skráningargjald dregst af heildarverði og fæst ekki endurgreitt nema skólinn fellur niður námskeið.**

*Athugið að ekki er hægt að fella niður greiðsluseðil eftir að nám er hafið. Ef tilkynnt er um forföll innan tveggja vikna áður en að námið hefst fæst skráningargjald ekki endurgreitt.*

## Vettvangshjálþ, First Responder (42 klukkustundir)

### Inntökuskilyrði

Námskeiðið er fyrir einstaklinga sem eru líklegir til að verða fyrstir á vettvang slysa s.s. lögreglu-, slökkviliðs- og björgunarsveitarmenn eða skipulagðir hópar vettvangsliða.

### Markmið

Að nemendur verði færir um að veita fyrstu bráðapjónustu áður en sjúkraflutningamenn koma á staðinn og vinna með sjúkraflutningamönnum á vettvangi.

### Innihald

Námskeiðið er byggt á [viðurkenndum bandarískum staðli](#) og staðfært að íslenskum aðstæðum. Inniheldur bæði bóklega og verklega kennslu. Í kennslunni er m.a. fjallað um öryggi og sóttvarnir, líffæra- og lífeðlisfræði, lífsmörk, öndunarhjálp, endurlífgun, skoðun og mat, meðhöndlun áverka, björgun úr bílflokum og hópslys svo eitthvað sé nefnt.

### Námsmat

Námskeiðinu lýkur með prófi, bæði bóklegu og verklegu. Krafist er 75% árangurs úr námsefninu auk skylduáhorfs á fyrirlestra og mætingar í verklegar æfingar. Einnig fer fram símat á virkni og færni þátttakenda allt námskeiðið.

### Tímalengd

Námskeiðið samanstendur af 22 kennslustunda áhorfi á bóklegt efni í tölvu (netaðgangur) og síðan 3 daga verklegri lotu sem endar með bóklegu og verklegu prófi. Fyrirkomulag verklegrar kennslu getur verið sérsniðið s.s. kennsla virka daga frá 08:00 – 17:00 / kvöldkennsla / helgarkennsla, svo og bókleg kennsla í streymi og verklegar lotur.

Tíma- og staðsetning – Námskeiðin verða auglýst síðar á vef Sjúkraflutningaskólans [www.ems.is](http://www.ems.is). Námskeiðið haldið að beiðni þeirra sem áhuga hafa ef tilskyldum lágmarksfjöldi er náð.

### Þátttakendafjöldi

Lágmarksfjöldi miðast við 10 nemendur.

### Kennsluefni.

American Academy of Orthopaedic Surgeons (AAOS), (2018). **Emergency medical responder**, 7. útgáfa. Jones & Bartlett Learning

### Skráningafrestur

Skráning þarf að liggja fyrir á vef skólans eigi síðar en **6 vikum** fyrir auglýstan námskeiðstíma.

### Námskeiðskostnaður

- **Verð kr. 160.000**, pr. þátttakanda. innifalið er aðgangur að kennslugögnum í gegnum Moodle, verkleg lota og viðurkenningarskjal, auk ofins barmmerkis.
- **Skráningargjald kr. 45.000** þarf að vera greitt eigi síðar en 3 vikum fyrir auglýstan námskeiðstíma. Skráningargjald dregst af heildarverði.
- *Athugið að ekki er hægt að fella niður greiðsluseðil eftir að nám er hafið. Ef tilkynnt er um forföll innan tveggja vikna áður en að námið hefst fæst skráningargjald ekki endurgreitt.*

## Endurmenntunarnámskeið

### 1. Fyrir sjúkra- og neyðarflutningamenn (EMT- og EMT-A (EMT-B og EMT-I))

Ætlast er til að sjúkraflutningamenn sem hafa lokið almennu grunnnámskeiði í sjúkraflutningum sækji endurmenntun sem samsvarar 24 klukkustundum á tveggja ára fresti. Sjúkraflutningaskólinn er með ákveðnar áherslur í endurmenntun sem breytast milli ára en einnig er hægt að fá sérsniðin námskeið eftir ósk eða þörf hvers og eins. Einnig er hægt að meta aðra endurmenntun sem sjúkraflutningamenn sækja og skólinn viðurkennir.

### 2. Fyrir Vettvangsliða, First Responder (EMR)

Vettvangsliðar sem hafa lokið námskeiði í vettvangshjálpi (First Responder) þurfa að sækja endurmenntun sem samsvarar 8 klukkustundum á tveggja ára fresti. Sjúkraflutningaskólinn er með ákveðnar áherslur í endurmenntun sem breytast milli ára en einnig er hægt að fá sérsniðin námskeið eftir ósk eða þörf hvers og eins.

Megin markmiðið er að nemendur viðhaldi starfsréttindum sínum sem sjúkraflutningamenn og vettvangsliðar og auki við þekkingu og þjálfun í ljósi breytinga hverju sinni.

Námskeiðin eru haldin að ósk rekstraraðila. Þau verða nánar auglýst á vef skólans, [www.ems.is](http://www.ems.is)

#### Inntökuskilyrði

Umsækjendur verða að hafa sótt almennt sjúkraflutninganámskeið og fengið starfsleyfi (löggildingu) sem sjúkraflutningamenn.

#### Tíma- og staðsetning námskeiða

Gengið er út frá því að lágmarksfjöldi þátttakenda á öll endurmenntunarnámskeið verði átta nema annað sé tekið fram. Staðsetning og tímasetning námskeiða verður í samráði við rekstraraðila og auglýst með góðum fyrirvara á vef skólans [www.ems.is](http://www.ems.is)

#### Námskeiðskostnaður

Mismundandi eftir gerð námskeiða, sjá námskeiðslýsingu hér að neðan einnig auglýst á vef skólans.

Þurfi að senda leiðbeinanda á námskeiðsstað bætist sá kostnaður ofan á þ.e. ferðakostnaður, ferðatími og uppihald. Gert er ráð fyrir að námskeiðskaupi útvegi kennsluhúsnæði og kennslubúnað í samráði við skólann.

Hér að neðan eru listuð upp þau Endurmenntunarnámskeið sem skólinn getur útvegað.

## Bráðameðferð og sérhæfð endurlífgun barna I (EPILS)

### Markhópur

Heilbrigðisstarfsfólk innan sem utan spítala sem kemur sjaldan að endurlífgun ungabarna og barna en þarf samt að geta brugðist við og tekið þátt í endurlífgun t.d. lækna, hjúkrunarfræðingar, hjúkrunarfræði- og læknanemar og sjúkraflutningamenn.

### Markmið

Markmiðið er að þjálfa heilbrigðisstarfsfólk í þekkja og meðhöndla lífshættulega veik börn og börn í hjartastoppi, beita grunnendurlífgun þ.e. hjartahnoði öndunarhjálp og rafstuði þar til sérhæfð aðstoð berst. Tilgangurinn með þeirri þjálfun felst í því að gera starfsmanninn færari um að taka þátt í meðhöndlun lífshættulega veiks barns sem meðlimur teymisins.

### Innihald

Námskeiðið er byggt á stöðlum evrópska endurlífgunarráðsins (útgefnar 2021) og kennt samkvæmt því. Námskeiðið er samansett af fyrirlestrum, verklegum æfingum og umræðum. Í fyrirlestrum er farið yfir þætti sem koma að því að þekkja, skoða og vera fær um að meðhöndla lífshættuleg veik og slösuð ungbörn og börn. Farið er í vinnuferla í grunn- og sérhæfðri endurlífgun, lestur hjartataka, forvarnir öndunar- og hjartastopps, meðhöndlun vökva- og súrefnisskorts, krampa, o.fl. Í verklegum stöðvum er lögð áhersla á frumskoðun og endurlífgun, öndunarhjálp, meðhöndlun slasaða barnsins og teymisvinnu. Mest er áhersla á verklegar æfingar og virka þátttöku nemandans.

### Námsmat

Námsmat er í formi símats. Nemendur þurfa að standast forpróf í bóklega hlutanum á Erc vefnum.

### Tímalengd

Námskeiðið er 8 klukkustunda langt.

### Tíma- og staðsetning

Námskeiðin eru haldin að beiðni stofnana

### Þátttakendafjöldi

Lágmarksfjöldi miðast við 12 nemendur

### Kennslubók

*Bóklegur hluti námskeiðsins fer fram á vef Evrópska endurlífgunarráðsins, ERC. Nemendur fá aðgang að vefnum við skráningu á námskeið.*

**Verð - Kr. 60.000** pr. þátttakanda. Innifalið er kennslubók, og rafrænt viðurkenningarskjal frá Evrópska endurlífgunarráðinu.

Þurfi að senda leiðbeinanda á námskeiðsstað bætist sá kostnaður ofan á þ.e. ferðakostnaður, ferðatími og uppihald. Gert er ráð fyrir að útvegað verði kennsluhúsnæði á staðnum.

## **Sérhæfð endurlífgun I (ILS - Immediate life support)**

### Markhópur

Heilbrigðisstarfsfólk sem kemur sjaldan að endurlífgun en þarf samt að geta brugðist við og tekið þátt í endurlífgun t.d. hjúkrunarfræðingar, hjúkrunarfræði- og læknanemar og sjúkraflutningamenn.

### Markmið

Markmiðið er að þjálfa heilbrigðisstarfsfólk í aðgerðum til að koma í veg fyrir hjartastopp, beita grunnendurlífgun þ.e. hjartahnoði öndunarhjálp og rafstuði þar til sérhæfð aðstoð berst. Tilgangurinn með þeirri þjálfun felst í því að gera starfsmanninn færari um að taka þátt í endurlífgun sem meðlimur teymisins.

### Innihald

Námskeiðið er byggt á stöðlum evrópska endurlífgunarráðsins (útgefnar 2021) og kennt samkvæmt því. Námskeiðið er samsett af fyrirlestrum, verklegum æfingum og umræðum. Í fyrirlestrum er farið yfir orsakir og forvarnir hjartastopps og vinnuferla við endurlífgun. Í verklegum stöðvum er lögð áhersla á skoðun og mat bráðveikra, endurlífgun, öndunarhjálp og teymisvinnu í endurlífgun. Mest er áhersla á verklegar æfingar og virka þátttöku nemandans.

### Námsmat

Námsmat er í formi símats. Nemendur þurfa að standast forpróf í bóklega hlutanum á ERC vefnum.

### Tímalengd

Námskeiðið er 8 klukkustunda langt.

### Tíma- og staðsetning

Námskeiðin eru haldin að beiðni stofnana og Endurlífgunarráðs Íslands .

### Þátttakendafjöldi

Lágmarksfjöldi miðast við 12 nemendur.

### Kennslubók

- *Bóklegur hluti námskeiðsins fer fram á vef Evrópska endurlífgunarráðsins, ERC. Nemendur fá aðgang að vefnum við skráningu á námskeið.*

### Námskeiðskostnaður

**Verð - Kr. 60.000** pr. þátttakanda. Innifalið er aðgangur að kennsluvef Evrópska endurlífgunarráðsins, og rafrænt viðurkenningarskjal frá evrópska endurlífgunarráðinu.

Þurfi að senda leiðbeinanda á námskeiðsstað bætist sá kostnaður ofan á þ.e. ferðakostnaður, ferðatími og uppihald. Gert er ráð fyrir að útvegað verði kennsluhúsnæði á staðnum.

## **Sérhæfð endurlífgun II og Sérhæfð endurlífgun barna (ALS og EPALS Advanced life support og Pediatric Advanced life support)**

### Inntökuskilyrði

Námskeiðið er fyrir neyðarflutningamenn, bráðatækna, lækna og hjúkrunarfræðinga.

### Markmið

Markmiðið er að þjálfa heilbrigðisstarfsfólk í aðgerðum til að koma í veg fyrir hjartastopp og að þeir séu færir um að veita sérhæfða endurlífgun og stjórna aðgerðum á vettvangi. Markmiðið er jafnframt að undirbúa reynda meðlimi endurlífgunarteyma í að meðhöndla sjúklinginn þar til flutningur á sérhæfða deild / sjúkrahús er mögulegur.

### Innihald

Námskeiðið er byggt á stöðlum evrópska endurlífgunarráðsins (útgefnar 2021) og kennt samkvæmt því. Námskeiðið er samsett af fyrirlestrum, verklegum æfingum og umræðum. Farið er í orsakir og forvarnir hjartastopps, bráða hjartasjúkdóma, takttruflanir, rafmeðferð, vinnuferla við endurlífgun,



öndunarhjálp og endurlífgun við sérstakar aðstæður. Mikil áhersla er lögð á verklegar æfingar og þátttöku nemandans.

#### Námsmat

Er í formi símats á námskeiðinu. Ljúka þarf forprófi, krossaprófi og verklegu prófi.

#### Tímalengd

Námskeiðið er 20 klukkustundir auk tíma sem fer í próf.

#### Tíma- og staðsetning

Námskeiðin eru haldin að beiðni stofnana og Endurlífgunarráðs Íslands.

#### Þátttakendafjöldi

Lágmarksfjöldi miðast við 12 nemendur.

#### Kennsluefni

- *Bóklegur hluti námskeiðsins fer fram á vef Evrópska endurlífgunarráðsins, ERC. Nemendur fá aðgang að vefnum við skráningu á námskeið.*

#### Námskeiðskostnaður

**Verð - Kr. 140.000** pr. þátttakanda. Innifalið er aðgangur að kennsluvef Evrópska endurlífgunarráðsins og rafrænt viðurkenningarskjal frá evrópska endurlífgunarráðinu.

Þurfi að senda leiðbeinanda á námskeiðsstað bætist sá kostnaður ofan á þ.e. ferðakostnaður, ferðatími og uppihald. Gert er ráð fyrir að útvegað verði kennsluhúsnæði á staðnum.

## **Upprifjunarnámskeið í sérhæfðri endurlífgun I og II**

#### Inntökuskilyrði

Námskeiðið er upprifjunarnámskeið fyrir þá sem hafa þegar tekið námskeið í sérhæfðri endurlífgun I og II og vilja endurnýja skírteinið sitt.

#### Markmið

Markmiðið er að þjálfa heilbrigðisstarfsfólk í aðgerðum til að koma í veg fyrir hjartastopp og að þeir séu færir um að veita sérhæfða endurlífgun og stjórna aðgerðum á vettvangi. Markmiðið er jafnframt að undirbúa reynda meðlimi endurlífgunarteyma í að meðhöndla sjúklinginn þar til flutningur á sérhæfða deild / sjúkrahús er mögulegur.

#### Innihald

Um upprifjunarnámskeið er að ræða sem byggist á stöðlum evrópska endurlífgunarráðsins (útgefnar 2021) og kennt samkvæmt því. Megin áhersla er á verklegar æfingar og þátttöku nemandans í endurlífgunarteymi. Auk þess verður upprifjun á orsökum og forvörnum hjartastopps, bráðum hjartasjúkdómum, takttruflunum, rafmeðferð, vinnuferlum við endurlífgun, öndunarhjálp og endurlífgun við sérstakar aðstæður.

#### Námsmat

Námsmat í formi símats á námskeiðinu og ljúka þarf krossaprófi og verklegu prófi í lok námskeiðs.

Tímalengd

Námskeiðið er 2 klukkustundir.

Tíma- og staðsetning

Námskeiðin eru haldin að beiðni stofnana og endurlífgunarráðs Íslands.

Þátttakendafjöldi

Lágmarksfjöldi miðast við 12 nemendur.

Kennsluefni

- *Bóklegur hluti námskeiðsins fer fram á vef Evrópska endurlífgunarráðsins, ERC. Nemendur fá aðgang að vefnum við skráningu á námskeið.*

Námskeiðskostnaður

**Verð - Kr. 30.000** pr. þátttakanda **fyrir endurmenntun ILS og 35.000** pr. þátttakanda **fyrir endurmenntun ALS**. Innifalið er aðgangur að kennsluvef Evrópska endurlífgunarráðsins og rafrænt viðurkenningarskjal frá evrópska endurlífgunarráðinu.

Þurfi að senda leiðbeinanda á námskeiðsstað bætist sá kostnaður ofan á þ.e. ferðakostnaður, ferðatími og uppihald. Gert er ráð fyrir að útvegað verði kennsluhúsnæði á staðnum.

Rétt er að minna á að skirteini í sérhæfðri endurlífgun I og II (ILS og ALS) gilda til fimm ára Sjúkraflutningamenn sem ekki hafa nú þegar endurnýjað skirteinin sín eru hvattir til að gera það hið fyrsta, ekki síst þar sem nýjar leiðbeiningar í endurlífgun voru gefnar út af evrópska endurlífgunarráðinu (ERC) í október 2021.

**Búnaðarnámskeið. (Þetta námskeið er einnig í boði sérsníðið fyrir Vettvangsliða)**Inntökuskilyrði

Námskeiðið er fyrir löggilta sjúkraflutningamenn en einnig opið öðru heilbrigðisstarfsfólki sem getur starfs síns vegna þurft að koma að flutningi slasaðra svo sem lækna, hjúkrunarfræðinga, hjúkrunarfræði- og læknanema.

Markmið

Megin markmiðið er að nemandinn viðhaldi og auki þekkingu og þjálfun sína á þeim búnaði sem hann getur þurft að nota í störfum sínum.

Viðfangsefni

Námskeiðið er samsett af fyrirlestrum og verklegum æfingum tengdum bráðabúnaði sjúkrabíla, svo sem notkun CPAP, LTS túbu, uppsetningu beinmergnálar, notkun monitora (síríta) og úrlestur hjartalínurita, notkun öndunarvéla, togspelku, útlímaspelkur, stuðning við háls og hrygg og o.fl.

*Athugið að í samráði við skólastjóra/verkefnastjóra er hægt er að óska eftir mismunandi samsetningu á því hvaða búnaður er tekin fyrir á námskeiðinu í takt við þarfir rekstraraðila.*

**Námsmat:**

Námsmat í formi símats á námskeiðinu.

**Námsefni:**

Rafrænt (pdf) frá skólanum.

**Tíma- og staðsetning**

Námskeiðin eru haldin að beiðni rekstraraðila

**Þátttakendafjöldi**

Lágmarksfjöldi miðast við 12 nemendur.

**Námskeiðskostnaður**

8 klst. námskeið kr. 45.000 pr. þátttakanda.

**Bráðasjúkdómar fullorðinna (þetta námskeið eru einnig í boði sérsniðið fyrir Vettvangsliða)****Inntökuskilyrði**

Umsækjendur verða að hafa sótt almennt sjúkraflutninganámskeið og fengið starfsleyfi (löggildingu) sem sjúkraflutningamenn.

**Markmið**

Megin markmiðið er að nemandinn viðhaldi starfsréttindum sínum sem sjúkraflutningamaður og auki við þekkingu og þjálfun í ljósi breytinga hverju sinni.

**Viðfangsefni**

Námskeiðið er samsett af fyrirlestrum og verklegum æfingum tengdum bráðasjúkdómum fullorðinna. Meðal annars er fjallað um meðhöndlun sjúklinga með sykursýki, bráða öndunarfæra- og taugakerfissjúkdóma s.s. krampa og heilablóðfall o.fl.

**Námsmat:**

Námsmat í formi símats á námskeiðinu.

**Námsefni:**

Rafrænt (pdf) frá skólanum

**Tíma- og staðsetning**

Námskeiðin eru haldin að beiðni rekstraraðila.

**Þátttakendafjöldi**

Lágmarksfjöldi miðast við 12 nemendur.

Námskeiðskostnaður

8 klst. námskeið kr. 45.000 pr. þátttakanda.

### **Vettvangsmeðferð og flutningur slasaðra. (Þetta námskeið eru einnig í boði sérsniðið fyrir Vettvangsliða)**

Inntökuskilyrði

Umsækjendur verða að hafa sótt almennt sjúkraflutninganámskeið og fengið starfsleyfi (löggildingu) sem sjúkraflutningamenn.

Markmið

Tilgangurinn er að þjálfa sjúkraflutningamenn í vettvangsmeðferð og mati áverkasjúklinga, s.s. áverkamati og fyrstu merkjum losts. Tilgangurinn með þeirri þjálfun felst í því að gera sjúkraflutningamanninn færari um að greina alvarleika áverka, fyrstu meðferð á slysstað, áframhaldandi mati og undirbúa sjúkling fyrir flutning.

Viðfangsefni

Námskeiðið er samsett af fyrirlestrum, verklegum æfingum og umræðum. Mest er áhersla á verklegar æfingar og virka þátttöku nemandans.

Námsmat:

Námsmat í formi símats á námskeiðinu.

Námsefni:

Rafrænt (pdf) frá skólanum

Tíma- og staðsetning

Námskeiðin eru haldin að beiðni rekstraraðila hægt er að óska eftir 8 eða 16 klst. námskeiði.

Þátttakendafjöldi

Lágmarksfjöldi miðast við 12 nemendur.

Námskeiðskostnaður

8 klst. námskeið kr. 45.000 pr. þátttakanda.

16. Klst. námskeið 60.000 pr. þátttakanda.

### **Greiningarsveitarnámskeið**

Inntökuskilyrði

Námskeiðið er ætlað fyrir heilbrigðisstarfsfólks sem getur þurft að starfa í greiningarsveit samkvæmt viðbragðsáætlun stofnunnar.

Markmið

Markmiðið með námskeiðinu er að gera heilbrigðisstarfsfólk hæfari til að sinna hlutverki sínu innan greiningasveitar. Á námskeiðinu er m.a. farið yfir bráðaflokkunarkerfi, hlutverk greiningasveitar, notkun tetrastöðva auk ýmissa verkþátta er tengjast hópslysi. Í lok dags verður sett upp „mini“ æfing.

Viðfangsefni

Námskeiðið er sniðið að þörfum heilbrigðisstarfsmanna sem geta þurft að starfa í greiningarsveit þegar um hópslys er að ræða. Námskeiðið samanstendur af stærstum hluta af verklegum æfingum auk nokkurra fyrirlestra. Lesefni er dreift fyrir námskeiðið til að stytta fyrirlestrahluta þess.

Námsmat:

Námsmat í formi símats á námskeiðinu.

Námsefni:

Rafrænt (pdf) frá skólanum

Tíma- og staðsetning

Námskeiðin eru haldin að beiðni rekstraraðila.

Þátttakendafjöldi

Lágmarksfjöldi miðast við 12 nemendur.

Námskeiðskostnaður

8 klst. námskeið kr. 45.000 pr. þátttakanda.